

Akraneskaupstaður
Stillholti 16-18
300 Akranes


Reykjavík 12. maí 2020
UST202005-054/A.B.
10.04.00

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Akraness 2005- 2017 og deiliskipulögum Garðalundar og Skógahverfis.

Vísað er til erindis Akraneskaupsstaðar er barst 6. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Akraness 2005- 2017 og deiliskipulögum Garðalundar og Skógahverfis.


Í greinargerð kemur fram að breyting aðalskipulags gengur m.a. út á að mörk Skógahverfis breytast, hótellóð í Garðalundi verður felld út og breyting verður á afmörkun skógræktarsvæða norðan Skógahverfis. Auk þess kemur fram að í deiliskipulagi Garðalundar mun koma fram framtíðarsýn og heildarskipulag útivistar- og skógræktarsvæða í Garðalundi og Garðaflóa. Einnig kemur m.a. fram að við deiliskipulag Skógahverfis, áfanga 3a og 3c, verður lögð áhersla á blöndu sérbýlishúsabyggðar og lítilla fjölbýlishúsa.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur